

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 846/2011 um dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum.

1. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Hafi ekki tekist að tryggja almenna dýralæknaþjónustu og bráðaþjónustu á tilteknu þjónustu-
svæði með auglýsingu skv. 2. mgr. er Matvælastofnun heimilt að semja við dýralækni á þjónustu-
svæðinu, nærliggjandi svæði eða sama vaktsvæði dýralækna, sbr. 12. gr. laga nr. 66/1998 um dýra-
lækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, um að taka að sér þjónustu skv. reglugerð þessari. Í slíkum
tilvikum er Matvælastofnun heimilt að víkja frá ákvæðum 4. gr. um staðsetningu starfsstöðvar og
skal þá taka tillit til þess við mat á hvað telst hæfilegur viðbragðstími skv. 4. gr. reglugerðarinnar. Sé
vikið frá ákvæðum um staðsetningu skal slíkur þjónustusamningur vera tímabundinn.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 13. gr. a laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðis-
þjónustu við dýr, sbr. og bráðabirgðaákvæði sömu laga. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 3. nóvember 2011.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Baldur P. Erlingsson.